

Stefndu Sigurjón Halldórsson og Hermann Sigurjónsson skulu vera sýknir af kröfum stefnanda í málinu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 25. febrúar 1952.

Nr. 84/1948. **Oddur Jónsson** (Egill Sigurgeirsson)
 gegn

Kristni Indriðasyni og gagnsök
 (Magnús Thorlacius).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
 í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Rekaítak. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Jóhann Salberg Guðmundsson sýslumaður hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 18. júní 1948. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 28. október 1948 og áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 1. nóvember s. á. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða sér kr. 5000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 31. desember 1942 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Umboðsmenn aðilja hér fyrir dómi voru samsaga um það, að Þorp eigi reka frá landamerkjum Smáhamra að Hellnanesi, en gagnáfrýjandi eigi reka þaðan að Grind. Enn fremur var því lýst, að í þessu máli sé við það miðað, að reki á fjöru Þorpa teljist $\frac{1}{3}$ og reki á fjöru gagnáfrýjanda $\frac{2}{3}$ hlutar af öllum reka á nefndu svæði. Þá var það og viðurkennt, að aðaláfrýjandi væri einn ábyrgur og í fyrirsvari, að því er varðar skaðabótakröfu þá, er gagnáfrýjandi hefur haft uppi í máli

þessu. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í Hæstarétti, kr. 1800.00.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Oddur Jónsson, greiði gagnáfrýjanda, Kristni Indriðasyni, kr. 1800.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Strandasýslu 21. maí 1948.

Ár 1948, föstudaginn 21. maí, var á aukadómþingi Strandasýslu kveðinn upp dómur í málinu nr. 3/1946: Kristinn Indriðason gegn Oddi Jónssyni.

Mál þetta, sem flutt hefur verið skriflega samkvæmt samkomulagi aðilja, dómtekið 7. febr. s.l., endurupptekið og dómtekið á ný 20. marz s.l., er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 9. júlí 1946, af Kristni Indriðasyni, bónda og sýslunefndarmanni á Skarði á Skarðsströnd, Dala-sýslu, gegn Oddi Jónssyni, bónda í Þorpum í Kirkjubólshreppi hér í sýslunni, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 5000.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 31. des. 1942 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að skaðlausu eftir mati dómsins. Til vara er það krafa stefnda, að stefnufjárhæðin verði lækkuð til stórra muna og vextir verði felldir niður eða lækkaðir og þá reiknaðir frá öðrum tíma en útgáfudegi stefnu. Komi til þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, krefst hann, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Kröfur sínar reisir stefnandi á því, að Skarðskirkja, sem er eign hans, eigi rekaitak á Gálmaströnd í landi Þorpa í Kirkjubólshreppi. Telur hann kirkjuna eiga allan rekann. Kveður hann stefnda hafa verið beðinn að hirða rekann, og fyrir það hafi hann átt að fá helming af rekaviðnum auk svokallaðs morviðar (vætanlega álnarlöng kefli og smærri). Telur stefnandi, að stefndi hafi eigi farið að þessu, heldur hirt til sín árum saman óskiptan allan endasagaðan við, þar sem stefndi kalli slíkan við eigi reka, heldur vogrek. Þó telur stefnandi stefnda eigi alltaf hafa gert þetta. Af þessu ætlar stefnandi tjón sitt nema kr. 5000.00, sem er stefnukrafa hans.

Umboðsmaður stefnda mótmælti upphaflega í greinargerð sinni (dskj. nr. 4), að Skarðskirkja ætti nokkurt rekaitak fyrir landi Þorpa, og til vara, að hafi það einhvern tíma verið til, sé það fyrir löngu orðið eign stefnda fyrir hefð. Þá hélt hann því fram, að þótt Skarðskirkja kynni að hafa átt reka á Gálmaströnd, þá muni það hafa verið á litlu svæði, sem

eigi verði staðsett lengur. Var krafan um sýknu fyrst og fremst reist á þessu. Loks hefur umboðsmaður stefnda síðar undir rekstri málsins krafizt sýknu á þeim grundvelli, að rekaitak það, sem stefndi sjálfur hefur viðurkennt, að Skarðskirkja eigi fyrir landi Þorpa, feli ekki í sér rétt til svonefnds mannvirkjaviðar, þ. e. þess rekaviðar, sem mannaverk sjást á.

Skulu nú málsatvik rakin og athuguð.

Hvað snertir rekasvæði það fyrir landi Þorpa, sem talið er, að ítak Skarðskirkju nái yfir, hefur þetta komið fram:

Á dómþingi 7. júní s.l. hefur stefndi sjálfur viðurkennt, að „Skarðskirkja hefur átt og á rekaitak á Gálmaströnd frá svonefndu Hellnanesi út að Grind, þar sem landamerki eru milli Þorpa og Hvalsár, og er Grind klettabelti fram í sjóinn.“ Þá hafa nokkur vitni, sem kunnug eru byggðarluginu og flest hafa átt þar lengi heima, borið um þetta atriði, og er vætti þeirra samhljóða því, sem stefndi hefur haldið fram, að rekaitak Skarðskirkju sé á svæðinu, sem takmarkast af Hellnanesi og Grind. Umboðsmaður stefnanda hefur og lagt fram endurrit nokkurra gamalla maldaga og annarra skjala, þar sem ræðir um rekaitak Skarðskirkju fyrir landi Þorpa.

Í skjölum þessum er Skarðskirkja talin eiga „þrjá hluti í viðreka fyrir Þorpum“, að fráskildum þeim viðreka, sem Fells Kirkja og Tungukirkja eiga, og þeim viðreka, sem bænhúsið á af Bænhúsvík í Þorpum. Eru það sex álna tré og þaðan af minni. En staðurinn í Skálholti er talinn eiga þriðjung eða fjórðung „viðreka í greindu takmarki jafnt við Skarðskirkju.“

Eigi hefur það orðið upplýst, hve víðtækur rekaréttur Fells Kirkju, Tungukirkju og Skálholtskirkju hefur verið, né heldur bænhússins, sem verið hefur í Þorpum, og ekki mun lengur vera vitað, hvar Bænhúsvík hefur verið. Er helzt að sjá, sem ítaki þessara kirkna og bænhússins hafi ekki verið beitt sérstaklega, svo að núlifandi menn muni. Stefndi heldur því fram, að þessi rekaréttindi hafi fallið til Þorpa, en hefur eigi fært á það sönnur.

Stefnandi heldur því fram, að til Skarðskirkju hafi verið keypt rekaitak það, sem Skálholtsstaður átti fyrir landi Þorpa, en hefur eigi gegn mótmælum stefnda fært sönnur á þetta.

Umboðsmaður stefnda hefur til vefengingar á tilvist rekaitaks Skarðskirkju bent á, að ítakið sé ekki talið í fasteignamat 1942, og enn fremur, að ábúendur Þorpa hafi greitt af því fasteignaskatt undanfarið. Þótt hér muni vera rétt frá greint, getur hvorugt þessara atriða haft áhrif, svo að máli geti skipt í þessu sambandi.

Hins vegar má af framangreindu telja það í ljós leitt, að rekaitak Skarðskirkju er eina rekaitakið í landi Þorpa, sem nú er beitt og hefur verið beitt, svo lengi sem núlifandi menn muna.

Um svæði það, er ítak þetta nær yfir, verður nú að styðjast við það, sem fram hefur komið af aðiljaskýrslu stefnda og vitnaframburðum þeim, er að framan greinir.

Samkvæmt þessu tekur rekaitak Skarðskirkju fyrir landi Þorpa yfir svæðið frá Hellnanesi að Grind.

Er svæði þetta samkvæmt vætti þeirra Karls bónda Aðalsteinssonar á Smáhömrum og Guðmundar Guðbrandssonar á Heydalsá talið ná yfir um $\frac{3}{4}$ hluta alls reka fyrir landi Þorpa að vegalengd og rekamagni. Þessi hlutföll verður að telja stefnda hafa viðurkennt, sbr. dskj. nr. 32 og 40.

Þá verður og að telja, að stefnandi hafi fallið frá kröfu sinni til alls rekasvæðisins fyrir landi Þorpa og takmarkað kröfur sínar út af rekanum við svæðið frá Hellnanesi að Grind, sbr. dskj. nr. 37.

Um innihald þessa rekaitaks er ágreiningur.

Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi átt að fá fyrir að hirða rekann og bjarga honum helming alls þess viðar, sem á rekann bæri, og að auki allan svonefndan morvið, sem er álnarlöng kefli og smærri.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að honum beri allur sá viður óskiptur, sem mannaverk sjást á og á rekasvæði Skarðskirkju ber, svonefndur mannvirkjaviður.

Stefnandi telur, að um slíkan við skuli fara sem um annan rekavið almennt, og neitar að hafa gert nokkra tilslökun í samningum við stefnda um þetta.

Stefndi kveðst hafa hirt reka Skarðskirkju fyrir stefnanda síðan árið 1929, án þess að hafa gert um það skriflegan samning, en þar áður hafi hirt þenna reka faðir stefnda, er bjó í Þorpum á undan honum. Fyrir að hirða rekann kveðst stefndi hafa fengið öll álnarlöng kefli og smærri, svonefndan morvið, og hafi honum borið þetta sem ábúanda Þorpa. Fyrir að bjarga rekaviðnum kveðst stefndi hafa fengið helming stærri rekaviðar, en allan þann við, sem mannaverk hafa sézt á (mannvirkjavið), kveðst stefndi jafnan hafa hirt til sín óskiptan, óátalið af stefnanda þangað til árið 1942, er stefnandi hafi gert kröfu til þess, að um þann við færi sem annan almennan rekavið. — Því hefur og verið haldið fram af hálfu stefnda, að faðir hans hafi á undan stefnda notið sömu kjara og stefndi fyrir að hirða reka Skarðskirkju og bjarga honum undan sjó.

Heldur stefndi því fram, að vegna langvinnrar framkvæmdar hans sjálfs og þar áður föður hans á hirðingu og björgun rekans á þá lund, er að framan greinir, sé nú unnin hefð handa stefnda á svonefndum mannvirkjaviði, og eigi stefnandi ekkert tilkall til slíks viðar lengur og geti því engar kröfur út af honum gert.

Hins vegar hefur stefndi viðurkennt, að svonefndan mannvirkjavið hafi aðallega rekið á Gálmaströnd í landi Þorpa árin 1934 og 1935 og eftir það, „þótt þar áður hafi fyrir hitzt spýta og spýta, sem mannaverk hafa sézt á“.

Stefnandi kveðst hafa mótmælt við stefnda, þegar er hann fékk um það vitneskju, að stefndi hirti til sín allan þann við, er mannaverk sáust á.

Annars hefur stefnandi skýrt svo frá um viðskipti sín við stefnda og föður hans út af viðarreka Skarðskirkju fyrir landi Þorpa, að þannig hafi verið samið við föður stefnda, að hann fengi helming rekaviðarins fyrir að saga viðinn, svo að hann yrði baggatækur, auk þess sem hann hafi fengið álnarlöng kefli og smærri fyrir að bjarga rekaviðnum. Kveður

stefnandi stefnda hafa notið sömu kjara, þótt hann hafi engan við sagað, án þess að sérstaklega hafi verið við hann samið.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að svo hafi verið samið við föður hans, að hann hafi átt að fá helming rekaviðarins fyrir að saga viðinn, svo að hann yrði baggataður, en hins vegar hefur stefndi á dómþingi 7. júní s.l. talið sennilegt og ekki viljað mótmæla, að faðir hans hafi sagað allar stærri spýtur, svo að þær yrðu baggataðar.

Út af kröfu stefnda til þess rekaviðar, sem mannaverk hafa sézt á og á téð rekasvæði hefur borið, og út af þeirri staðhæfingu hans, að faðir stefnda og síðar hann sjálfur hafi, óatalið af rekaeiganda, hirt sem sína eign allan slíkan við óskiptan, og sé því unnin hefð handa stefnda eða á annan hátt réttur handa honum á slíkum viði, hefur komið fram í málinu það, er nú skal greint.

Stefndi hefur haldið því fram, að umboðsmaður stefnanda vegna rekans á Gálmaströnd hafi árið 1936 sýnt stefnda bréf frá stefnanda, þar sem lýst sé yfir því, að stefnandi geri eigi kröfu til þess mannvirkjaviðar, er þá var á rekanum. Stefnandi hefur mótmælt, að efni bréfs þessa hafi verið með þeim hætti, er stefndi greinir, en kveðst hafa glatað eftirriti bréfs þessa og ekki muna efni þess nánar.

Í aðiljaskýrslu stefnda 7. júní s.l. hefur hann viðurkennt, að rétt sé frá greint í bréfi stefnanda, dags. 3. febr. 1947, þar sem sagt er, að stefndi hafi fyrir um 6 árum afhent stefnanda allan þann við, er „á ströndinni var“, og að megnið af þessum viði hafi verið endasagað. Stefnandi kveðst reyndar hafa afhent við þenna með þeim fyrirvara, að afhendingin skyldi ekki ráða úrslitum í væntanlegu máli þeirra stefnanda út af endasöguðum viði, og hafi stefnandi boðið fram þessa skilmála. Stefnandi hefur ekki kannast við, að stefndi hafi gert neinn fyrirvara um afhending þessa viðar, en hins vegar hafi þeim komið saman um að leita hvor í sínu lagi álits sérfróðra manna, til að fyrirbyggja misskilning milli þeirra út af endasöguðum viði.

Lögð hafa verið fram af hálfu stefnda vottorð 8 manna, sem lengi hafa átt heima í Kirkjubólshreppi og eru þar kunnugir, og hafa 6 þessara manna staðfest vottorð sín fyrir dómi og borið vætti í málinu.

Vitnin eru þessi: Ormur Samúelsson hreppstjóri, fæddur 1888 í Kirkjubólshreppi og alinn þar upp, átti á árunum 1905—1929 heima á Smáhömrum, Heydalsá og Hvalsá, sem eru næstu bæir við Þorp, þremmingur að skyldleika við stefnda; Jónatan Benediktsson kaupfélagsstjóri, fæddur 1895 að Smáhömrum og átti þar heima samfleytt til 1925 og aftur 1927—1929, skyldur stefnda að öðrum og þriðja lið; Þorvaldur Jónsson skósmiður, fluttist að Þorpum 1917 og átti þar heima samfleytt til 1944, bóndi þar 1927—1945, mágur stefnda; séra Jón Brandsson prófastur, prestur á Broddanesi frá 1904 og á Kollafjarðarnesi frá 1908, svili stefnda; Benedikt Grímsson hreppstjóri, fæddur að Kirkjubóli í Kirkjubólshreppi 1898 og hefur alltaf átt þar heima síðan, þeir stefndi eru systkinabörn, og Kristján Árnason, átti heima í Þorpum 1911—1938, bóndi þar 1915—1938, mágur stefnda.

Öll þessi vitni telja sér vera kunnugt um, að skipti á reka Skarðskirkju

hafi jafnan farið þannig fram, að kirkjan hafi fengið í sinn hlut helming þess viðar yfir alin, sem engin mannaverk sáust á, en allan þann við, sem mannaverk sáust á, hafi ábúendur Þorpa fengið ásamt öllum álnarlöngum viði og smærri. Í sömu átt hníga vottorð þeirra Páls Gíslasonar, bónda á Víðidalssá, og Júlíusar Árnasonar, Hólmavík, en þeim hefur eigi verið mótmælt sem óstaðfestum. Fjögur vitnanna hafa ekki verið sjálf viðstödd skipti á reka þessum, og er vætti þeirra reist á frásögn annarra. En tvö vitni, þeir Kristján Árnason og Þorvaldur Jónsson, hafa sjálf verið stödd við rekaskiptin. Ekkert vitnanna, þeirra sem um það hafa borið, segjast vita til þess, að faðir stefnda hafi sagað rekaviðinn, svo að hann yrði baggatekur, en tvö vitnanna, þeir Kristján Árnason og Jónatan Benediktsson, telja sér kunnugt um, að faðir stefnda hafi álitnið sér heimilt að saga handa sér af rót rekaviðar upp undir alin frá rótarhnyðju. Það kemur fram af vætti allra vitnanna, að óverulega virðist hafa að því kveðið, að á umræddan reka hafi borið rekavið, sem mannaverk hafi sézt á, fyrr en hin síðari ár, og þau vitnanna, sem borið hafa um þau ummæli stefnda í aðiljaskýrslu hans, „að mannvirkjavið hafi aðallega rekið á Gálmaströnd árin 1934 og 1935 og eftir það, þótt þar áður hafi fyrir hitzt spýta og spýta, sem mannaverk hafa sézt á“, eru samdóma um, að þetta sé rétt hjá stefnda eða sennilegt.

Eigi verður á það fallið, með hliðsjón af öðrum framkomnum atriðum, að af framangreindu vætti liggi fyrir nægilega rík sönnun til þess, að svo verði litið á, að hefð sé unnin handa stefnda á öllum þeim rekaviði, sem mannaverk sjást á og á téð rekasvæði ber, né heldur verður talið, að stefnandi hafi glatað rétti til slíks viðar fyrir vangæzlu eða aðgerðaleyfi, þegar til þess er litið, sem telja má fram komið í málinu, að mjög óverulega hefur rekið af þeim viði, sem mannaverk hafa sézt á, fyrr en hin síðari ár, aðallega árin 1934 og 1935 og þar á eftir. Stefnandi getur því eigi álitizt bundinn af þeirri framkvæmd stefnda og þar áður föður hans, þótt þeir hafi hirt til sín allt það af rekaviði, sem mannaverk hafa sézt á og rekið hefur á reka stefnanda í Þorpum.

Ber því að líta svo á, að um slíkan rekavið skuli fara eftir almennum reglum.

Um rétt rekaeiganda, er hann á reka af landi annars manns, og rétt landeiganda, er svo stendur á, gildir sú regla í 2. kap. rekabálks Jónsbókar frá 1281, að landeigandi á af þeirri fjöru „álnarlöng kefli öll ok smærri, en rekamaðr á þar við allan útelgdan, er þar rekr upp“, nema öðruvísi hafi verið um samið. Í Landsleigubálki 71 eru „viðir telgdir“ taldir til vogreka, en í landsyfirréttardómi 22. jan. 1894 kemur fram sá skilningur, að telgdur viður yrði því aðeins talinn til vogreka, að hann mætti rekja til ákveðins skipstapa. Með hliðsjón af þessu ber að skilja 22. gr. laga nr. 42/1926, þar sem um vogrek ræðir, sbr. enn fremur hina ýtarlegu álitargerð um þetta á dskj. nr. 3 og 9. Nú verður að telja, að sá rekaviður, sem um er deilt í máli þessu, sé samkvæmt því, sem fram hefur komið, mestmegnis endasagaður viður og annar unninn viður, án þess að séð verði, að hann

hafi verið rakinn til einstakra skipstapa. Verður því að telja, að um þenna við verði að fara sem um annan rekavið.

Svo verður að líta á, eftir því sem fram er komið, að sá samningur hafi verið í gildi milli stefnanda og stefnda, að hinn síðarnefndi skyldi fá helm-ing rekaviðar yfir alin fyrir að hirða við af reka stefnanda og bjarga hon-um undan sjó. En stefndi hefur kastað eign sinni á þann rekavið óskiptan, sem mannaverk hafa sézt á, án þess að talið verði gegn eindregnum mót-mælum stefnanda, að hann hafi fallizt á þetta, né heldur verði séð, að rekaréttur stefnanda sé takmarkaður að þessu leyti. Samkvæmt þessu ber að líta svo á, að stefndi skuli bæta stefnanda það fjártjón, er hann hefur af því hlotið, að stefndi hefur hirt til sín af reka stefnanda allan þann við óskiptan, er mannaverk hafa sézt á.

Kemur þá til álita, hve mikilli fjárhæð bæturnar skuli nema.

Stefndi kveðst hafa selt rekavið, sem mannaverk hafa sézt á, af öllum reka fyrir landi Þorpa fyrir um 6000 krónur alls, síðan hann tók við rekan-um árið 1929.

Dómkvöddum mönnum, þeim Karli bónda Aðalsteinssyni á Smáhömrum og Guðmundi Guðbrandssyni á Heydalsá, var 22. sept. s.l. falið að meta magn og verð þess rekaviðar, sem mannaverk hafa fundizt á og rekið hefur á land Þorpa frá 1934 til 9. júlí 1946, sem er útgáfudagur stefnu, og jafn-framt að láta í ljós álit sitt um bótaupphæð þá, sem krafizt er í máli þessu.

Mat þetta framkvæmdu hinir dómkvöddu menn 8. okt. s.l. og komust að þeirri niðurstöðu, að á hinu tiltekna tímabili hefði rekið svonefndan mannvirkjavið á Þorpa-reka fyrir samtals kr. 11725,00. Magn viðarins er ekki tiltekið í matinu. En matsmennirnir taka fram, að þar sem þeir hafi eigi áður orðið þess varir, að stefnandi hafi gert tilkall til rekaviðar fyrir innan Hellnanes, þ. e. þaðan og að landi Smáhamra, þá telja þeir kröfu þá, sem gerð hefur verið á hendur stefnda, of háa um ca. 1000 krónur.

Mat sitt staðfestu matsmennirnir fyrir dómi 10. jan. s.l. Annar þeirra, Karl Aðalsteinsson, lækkaði þá áðurgert heildarmat um 1000 krónur og færði fyrir þau rök, er greinir í vætti hans og ekki álizt þörf að rekja hér. Að gerðri þeirri breytingu, taldi hann bótakröfuna eiga að vera kr. 3575,00.

Hinn matsmaðurinn, Guðmundur Guðbrandsson, staðfesti matið óbreytt.

20. marz s.l. voru matsmennirnir enn kvaddir fyrir dóm og spurðir ýtar-legar út í mat þeirra og samprófaðir um það, sem þeim hafði áður borið á milli. En hvor þeirra um sig hélt fast við fyrri framburð, og breyttu þeir í engu verulegu því, er þeir áður höfðu borið fyrir dómi.

Mat hinna dómkvöddu manna er að ýmsu leyti ónákvæmt, einkum hvað snertir magn þess viðar, er þeir skyldu meta, enda tæpast unnt fyrir þá að tilfæra tölur um stærð og fjölda þeirra viðar, er þegar höfðu flestir ýmist verið seldir eða ráðstafað á annan hátt.

Fjárhæðir þær, er þeir greina í matinu, eru og að miklu leyti lauslegt mat og áætlaðar eftir kunnugleika, en þeir matsmennirnir eiga heima á næstu bæjum við Þorp.

Þá er þess að geta, að matsmennirnir hafa í matsgerð sinni talið verð

Þess viðar, sem nú liggur óseldur á rekanum og virðist ekki hafa verið ráðstafað. Er þetta rekaviður frá árinu 1945 og eftir það. Hafa þeir metið þenna við, frá 1945 til 9. júlí 1946, 1525 króna virði. Þar sem viður þessi ætti að koma til skipta milli aðiljanna samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður ekki álitíð, að stefnda beri að svara til skaðabóta fyrir hann. Ætti matsverð þessa viðar því að koma til frádráttar þeirri fjárhæð, sem matsmennirnir eru sammála um, sem er kr. 3575,00, eftir þeim reglum, sem þeir hafa viðhaft. Kæmi þá þriðjungur af kr. 1525,00 til frádráttar kr. 3575,00. En reglur þær, sem matsmennirnir hafa beitt til þess að finna hluta stefnanda af rekanum, eru þannig, að þeir hafa talið stefnanda helminginn af $\frac{1}{2}$ hlutum alls viðarreka Þorpa, með því að þeir telja reka stefnanda vera um $\frac{1}{2}$ hluta alls reka jarðarinnar að vegalengd og rekamagni, en stefndi skyldi fá helming rekaviðar ofan við alin fyrir að hirða þenna reka, og er þessi háttur í samræmi við það, sem fram er komið í málinu.

Þótt ekki þyki ástæða til að ætla, að matsmennirnir, sem eru trúverðugir menn, eftir því sem bezt er vitað, hafi viljað gera mat sitt hærra en þeir töldu réttmætt, þykir þó eigi unnt vegna þess, hve það er ónákvæmt, og gegn andmælum stefnda að telja matið veita næga sönnun til þess, að ákveðin verði eftir því einu fjárhæð skaðabótanna.

Skal nú athugað, hvaða upplýsingar skýrsla stefnda gefur til ákvörðunar á fjárhæð bóta.

Eins og áður greinir, kveðst stefndi hafa selt rekavið, sem mannaverk hafa sézt á, af öllum reka Þorpa fyrir um 6000 krónur alls, síðan hann tók við rekanum árið 1929.

Um einstakar sölu hefur stefndi upplýst, að árið 1936 hafi hann selt rekavið til bryggjugerðar í Hólmavík fyrir um 1000 krónur, og til Guðmundar Arasonar á Illugastöðum á Vatnsnesi hefur stefndi viðurkennt að hafa selt unninn við fyrir 1200 krónur árið 1943 og fyrir 2500 krónur árið 1945.

Skýrsla stefnda um sölu rekaviðar ber með sér, að hún er ekki nákvæm, og getur tæpast talizt tæmandi, þegar til þess er litið, að Þorp eru almennt hér í héraðinu viðurkennd allmikil rekajörð. Auk þess greinir skýrsla stefnda ekki frá þeim viði, er gera má ráð fyrir, að hann muni hafa notað í eigin þarfir.

Samkvæmt þessu þykir rétt að ákveða bótaupphæðina með hliðsjón af skýrslu stefnda og mati hinna dómkvöddu manna í senn.

Af hálfu stefnda hefur verið mótmælt sem fyrndum kröfum um greiðslu út af umræddum reka fyrir árið 1936 og eldri. Verður eigi hjá komizt að taka kröfu þessa til greina, með því að skaðabótakrafa þessi þykir hlíta 10 ára fyrningu samkvæmt 3. tl. 4. gr. sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 14/1905, þannig að dæmdar bætur verði miðaðar við næstu 10 ár á undan útgáfudegi stefnu.

Með skírskotun til framanritaðs og með hliðsjón af því, að hinn svonefnda mannvirkjavið hefur aðallega rekið hin síðari ár, þykja bæturnar eftir öllum atvikum hæfilega ákveðnar kr. 2000,00, og verður stefndi því

dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð með 6% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu 9. júlí 1946 til greiðsludags.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Hve rekstur máls þessa hefur staðið lengi, stafar aðallega af því, að málflutningsmenn í Reykjavík hafa farið með málið af hálfu aðiljanna, og hefur þess vegna ekki þótt verða komið hjá að veita riflegri fresti en ella.

Dráttur sá, sem orðið hefur á uppsögu dóms í málinu, stafar af annríki dómarans við önnur embættisstörf og lasleika um skeið.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Oddur Jónsson, greiði stefnanda, Kristni Indriðasyni, kr. 2000,00 með 6% ársvöxtum frá 9. júlí 1946 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. febrúar 1952.

Nr. 36/1951. **Gunnar Thorarensen** (Magnús Thorlacius)
 gegn
Marínó Ólafssyni (Einar Ásmundsson).

Húsnæðismál. Uppgjöf leiguréttar.

Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. marz 1951. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma gerð þá, sem krafizt er, svo og að stefnda verði dæmt að greiða málskostnað, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir að stefndi hafði þann 9. febrúar 1950 sagt áfrýjanda upp leigumála um húsnæði hans að Reynimel 37 frá og með